

**Hávarður Tryggvason** er fæddur í Reykjavík og hóf nám sitt við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Jennifer A. Davis. Hann stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í París á árunum 1983-88 og lauk bæði lokaprófi og einleikaragráðu frá sama skóla. Kennari hans var Jean Marc Rollez. Hann var síðan við nám hjá Etienne Siebens við Tónlistarháskólann í Antwerpen og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1992. Frá árinu 1989 hefur hann verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Flæmsku Óperunnar í Antwerpen. Hávarður hefur komið fram sem einleikari á tónleikum hér á landi, í Frakklandi, Belgíu og Kanada.

**Steinunn Birna Ragnarsdóttir** hóf nám við Tónlistarskólann í Reykjavík ellefu ára gömul. Þaðan lauk hún píanókennaraprófi árið 1979 og einleikaraprófi ári síðar undir leiðsögn Árna Kristjánssonar. Hún flutti til Boston til framhaldsnáms og lauk meistaragráðu sem einleikari frá New England Conservatory árið 1987, en kennari hennar var Leonard Shure. Hún starfaði á Spáni um tíma sem einleikari og þátttakandi í kammertónlist. Þar hlaut hún *Gran Podium* verðlaun veitt af *Juventuts del Musicals* í Barcelona og kom fram á tónleikum víða um Spán, þar á meðal á alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Steinunn Birna hefur haldið tónleika í Bandaríkjunum, Lettlandi, Þýskalandi, á Spáni og Íslandi og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hávarður Tryggvason  
bassaleikari

Steinunn Birna Ragnarsdóttir  
píanóleikari

**Adolf Mišek**, kontrabassaleikari, tónskáld og hljómsveitarstjóri, var fæddur í Bæheimi árið 1875 en starfaði í Vín á árunum 1890 - 1920. Þá fluttist hann aftur til Bæheims og varð leiðandi kontrabassaleikari við Þjóðleikhúsið í Prag. Mišek samdi nokkur verk fyrir kontrabassa, meðal annarra þrjár sönötur. Sónata nr. 1 op. 5 er samin um 1909.

**Giovanni Bottesini** var bæði tónskáld og hljómsveitarstjóri, en best var hann þekktur sem mesti kontrabassaeinleikari síns tíma og var oft líkt við Paganini að snilld. Hann ferðaðist víða, meðal annars um Evrópu, Bandaríkin, Rússland, Kúbu, Mexíkó og Egyptaland. Í Kaíro stjórnaði hann frumflutningi á Aídu eftir vin sinn Giuseppe Verdi. Bottesini helgaði sig kontrabassanum og samdi fyrir hann fjölda verka. Hann átti enn fremur mikinn þátt í að þróa leiktækni fyrir þetta hljóðfæri.

**Nino Rota** var undrabarn í tónlist og var aðeins 11 ára þegar hann samdi sitt fyrsta óratoríó og nokkrum árum síðar fylgdi fyrsta óperan. Að loknu námi í Mílanó og Róm nam hann tónsmíðar í 2 ár hjá Rosario Scaleró og Fritz Reiner við Curtis tónlistarháskólann í Bandaríkjunum. Nino Rota kom víða við í tónsmíðum sínum og eftir hann liggja óperur, sínfóníur, einleikskonsertar, ballettónlist og kammertónlist, en þekktastur er hann þó fyrir tónlist sína í kvikmyndum Federico Fellinis. Samstarf þeirra stóð í tæp 30 ár og samdi Rota tónlistina í öllum myndum hans á því tímabili. Hann samdi einnig kvikmyndatónlist fyrir aðra leikstjóra á borð við Ford Coppolla („Guðfaðirinn“), Luchino Visconti og Franco Zeffirelli.

### *Efnisskrá*

Adolf Mišek  
(1875 - 1954)

Sónata nr. 1 op. 5  
Allegro  
Andante religioso  
Rondo

Giovanni Bottesini  
(1821 - 1889)

Introduzione e Gavotte  
Reverie

Nino Rota  
(1911 - 1979)

Divertimento Concertante  
Allegro  
Marcia  
Aria  
Finale